

Mental Health and Suicidal Behaviour in times of Economic Crisis: what does research show and how to counteract the negative impact

Skýrsla Kristins Tómassonar, yfirlæknis Vinnueftirlitsins frá ráðstefnunni:

Þann 14 og 15 október var undirrituðum boðið á málþing í sænska þinginu um áhrif efnahagskreppunnar á geðheilsu og sjálfsvíg. Málþingið var haldið að frumkvæði sænska þingsins sem hluti af formennsku Svía í Evrópubandalaginu í samvinnu við alþjóða heilbrigðismálastofnunina. Málþingið var skipulagt af Danuta Wasserman sem er alþjóðlega viðurkenndur sérfræðingur í rannsóknum á orsökum sjálfsvíga. Þátttakendur voru læknar, lögfræðingar hagfræðingar og stjórnámálmenn. Til þess að leggja áherslu á mikilvægi efnisins af hálfu fundarboðenda var málþingið haldið í sænska þinghúsinu. Í upphafi var vakin athygli á því að á hverjum 10 árum þá létust um 1,6 milljón manna í veröldinni vegna sjálfsvíga eða sem svaraði því að Stokkhólmur hyrfi af kortinu 10. hvert ár.

Í erindi David McDaid frá London School of Economics var vakin athygli á því að í forvörnum gegn ótímabærum dauðsföllum fólks af völdum sjálfsvíga (eða annarra voveiflegra atburða) væru almennar aðgerðir til þess fallnar að fækka slíku. Til þess að þær væru arðbærar þá þyrfti ávinningurinn í raun að vera mjög lítill vegna þess að kostnaður vegna voveiflegra dauðsfalla væri gríðarlegur, langmestur í formi óbeins kostnaðar vegna tapaðrar vinnugetu einstaklinga sem látast þannig með ótímabærum hætti.

Þá kom fram í erindi Maria Kopp sem er prófessor við háskólann í Budapest að með því að auka samvinnu heilbrigðis- og velferðastétta þá hefði á skömmum tíma dregið mjög úr sjálfvígum í Ungverjalandi. Sýndi hún að í karllægu landi, eins og heimalandi sínu þar sem hlutverk væru mjög kynskipt hefðu erfið skilyrði í vinnu, varðandi sjálfræði, sjálfstæði og getu til ákvarðana mjög slæm áhrif á heilsu karla og væri dánartíðni karla sem þannig vinna í slæmu sálfélaglegu vinnuumhverfi nærri þreföld borið saman við aðra þegar tekið hafði verið tillit til annarra þátta. Þetta sagði hún vera nátengt hagsveiflum og væru karlar þannig í meiri hættu en konur m.t.t. ótímabærs dauðdaga og yrði að huga því sérstaklega að aðgerðir á vinnustöðum sem tækju til heilsuverndar karla og kvenna tækju tillit til þessa .

Danuta Wasserman fjallaði um atvinnutengdabætti og sjálfsvíg. Hún sýndi að í niðurskurði þar sem kröfur væru mjög auknar á þá sem eftir sitja um að skila afköstum, oft á styttri vinnuviku, væru tengdar meiri vanlíðan starfsmanna, og að vonleysi meðal stjórnenda ylli enn frekari vandræðum. Benti hún á að það tengdist mjög aukinni hættu á streitu kvíða, depurð og lífsleiðabönkum ef stjórnendur væru ekki sýnilegir og virkir í stjórn fyrirtækja á tímum niðurskurðar, . M.ö.o. niðurskurður samhliða auknum kröfum til einstakra starfsmanna og óvissa þeirra um sína stöðu hefur mjög slæm áhrif. Nefndi hún dæmi af frönsku stórfyrirtæki þar sem þessi skilyrði hefðu verið til staðar samhliða því að stjórnendur hefðu ekki verið sýnilegir starfsmönnum eða virkir í að skýra út fyrir þeim hvað væri framundan. Þar hefði heldur ekki verið virk starfsmannaheilsuvernd til að taka á vanlíðan starfsmanna, leiðbeina þeim eða vísa áfram. Í þessu fyrirtæki hefðu orðið allmörg sjálfsvíg og mikið um almenna vanlíðan. Til að gæta alls jafnræðis þá tók hún dæmi af öðru frönsku stórfyrirtæki þar sem einnig var niðurskurður en stjórnendur voru virkir í að eyða óvissu og í nánum tengslum við starfsfólk. Þar var starfsmannaheilsuvernd gerð virkari og ástand og líðan starfmann sett í forgang. Í þessu fyrirtæki voru engin sjálfsvíg og almenn líðan góð þrátt fyrir að fyrirtækið væri í hremmingum. Það var bent á að þetta væri eins og í löndum þar sem tryggt er eins og hægt er að velferðarkerfið lendi í sem minnstum hremmingum, þar þolir

heilsa þjóðanna betur efnahagsleg áföll. Þannig var vakin athygli á því að við hrun Sovétríkjanna hafi efnahagur Finnlands og Kúbu farið mjög illa, eins og fjölda annarra ríkja sem voru nátengd Sovét ríkjunum. Áhrif á heilsu voru hins vegar mjög lítil þar borið saman við Rússland, og önnur fyrrum ríki Sovétríkjanna og austur-Evrópuríki þar sem heilsufar snarversnaði og þá fyrst og fremst meðal karla, sem m.a. kom fram í mjög lækkuðum lífaldri þeirra.

Þessu var frekar lýst af prófessor Airi Värnik frá Eistlandi sem lýsti þeim miklu sveiflum sem orðið hefðu eftir hrun Ráðstjórnarríkja þar sem einkavæðing og umbreyting fyrirtækja hefði verið gríðarleg, yfir 100.000 fyrirtæki, en til samanburðar þá voru slíkar einkavæðingar mældar í hundruðum hjá Margaretu Thatcher sem fræg er fyrir einkavæðingu sína. Umrótið í starfsumhverfi sem fylgdi þessu í Sovétríkjunum var mikið með miklum sveiflum í heilsu og líðan starfsfólks bæði hvað varðar fjölda látinna vegna sjálfsvíga sem og af öðrum sökum.

Professor Armin Schmidtke frá Þýskalandi fjallaði um geðheilsu og sjálfsvíg innflytjenda á tímum félagslegrar og efnahaglegrar kreppu. Hann vakti athygli á því að geðheilsa og sjálfsvígspáttar innflytjenda er um margt öðruvísi en hjá íbúum heimalandsins. Þessir einstaklingar þekkja síður þá þjónustu sem er í boði. Á tímum samdráttar hætta þeim til þess að verða frekast fyrir neikvæðum áhrifum, bæði vegna þess að þeir þekkja síður til öryggisnetsins og einnig að staða þeirra á vinnustöðum er veikari og möguleikar þeirra oft þannig minni til að bregðast við neikvæðum atburðum.

Forstjóri sænsku innheimtustofnunarinnar Eva Liedström Adler (Kronofogden) fjallaði um áhrif skuldastöðu á heilsu. Eva lýst því að um 6-9% af Svíum eru í dag í þeirri stöðu að geta ekki borgað skuldir sínar. Þessir einstaklingar eru samkvæmt þeirra skoðun orðnir mjög firrtir bæði í leik og starfi. Þeir opna ekki póstin sinn, þeir þora ekki að segja frá stöðu sinni og dæmi eru um að menn í slíkum stöðum segja ekki frá því að þeir hafi misst vinnu sína, fari út á morgnana og sólundi deginum og komi svo heim að kveldi. Þetta fólk vill borga reikninga sína en er orðið svo úrkula vonar um getu sína að það telur allt vonlaust. Heilsa þessara einstaklinga hefur verið metin níu sinnum verri en annarra borgara og er talið forgangsverkefni meðal sænskra að tryggja stöðu þessa fólks með sértækjum aðgerðum til þess að það hverfi aftur til vinnu og verkefna og sjái tilgang í að halda áfram

Professor Tamás Kurimay ræddi um heilsu og stöðu fólks í Ungverjalandi. Atvinnumissir og óöryggi meðal ungverja hefur sveiflast mikið frá því að þeir losnuðu undan kommúnistastjórn. Það er þó vakin athygli á því að þá hefur vantað baráttu- og sameiningarþrek eftir að Rússar lömdu niður byltinguna 1956. Þá hefur sú mikla hagbóla sem varð upp úr 2000 losað enn frekar um viðmið og bönd innan samfélagsins hjá þeim sem í dag veldur vandræðum. Þrátt fyrir þetta hefur þeim tekist að draga úr sjálfsvígum mjög marktækt á s.l. árum eins og fram kom hjá Kopp. Rekja þeir þetta ekki síst til aukinnar samhygðar í velferðarkerfinu á öllum stigum þess.

Professor David Stuckler frá Englandi (sá hinn sami og á að tala hérlendis 21.10.2009) fjallaði um hvernig kreppa dregur úr athafnatengdum slysum, þannig var fyrsta fall í tíðni umferðarslysa í kreppunni miklu í Bandaríkjunum sem skráð var eftir að bílaöldin hóf innreið sína. Þetta hefur endurtekið sig í sögunni síðan og þannig verða mælingar á fjölda slysa einar til þess fallnar að menn sjá ekki heilsufarslegar afleiðingar af kreppunni eins skýrt.. Áhrif áfengisneyslu í kreppu eru hins vegar klár og sést það vel í þeirri efnahagskreppu sem fylgdi innan fyrrum ráðstjórnarríkja eftir fall þeirra. Þar jókst neysla mjög á áfengum drykkjum meðal karlmanna og þar varð ein mesta lækun á meðalaldri staðreynd. Þá sýndi Stuckler að

Þar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur komið að og gert kröfur um niðurskurð í útgjöldum til heilbrigðis- og velferðarmála hefur þeim þjóðum vegnað verr hvort sem það er sett á mælikvarða fjölda berklasmitaðra, eða mælt í dánartíðni. S.k. Asíu kreppa hefur gert mönnum kleift að bera saman lönd sem þáðu annars vegar aðstoð AGS og hins vegar þeirra sem afþökkuðu slíkt og hlífðu velferðarkerfum sínum með ærinni fyrirhöfn. Niðurstaða þessa varð sú að löndin sem AGS styrkti urðu verr úti heilsufarslega en hin löndin. Stukler hefur birt nokkrar greinar á árinu um umfjöllunarefni sitt.

Loks fjallaði prófessorinn og sænski þingmaðurinn Lennart Levi um hvernig ætti að bæta geðheilsu í atvinnulífinu. Lennart Levi vakti athygli á því að efnið “geðheilsa í atvinnulífinu” og ábyrgðin á því að tryggja slíkt heyrði í raun undir mörg ráðuneyti og marga aðila. Þrátt fyrir þörf fyrir geðheilsuefningu og aðra geðvernd á vinnustöðum væri erfitt að koma þessum skilaboðum áfram með nægilega markvissum hætti. Vandinn væri um margt stjórnsýslulegur og stofnanir og ráðuneyti væru uppteknar af því að skilgreina sig frá verkefnum frekar en að taka þau til sín. Mikilvægi þess að tryggja vinnu fyrir geðheilsu væri ótvírætt, sérlega mikilvægi þess að tryggja að vinnuumhverfið sé gott og uppbyggilegt með stjórnendum sem eru uppteknir af því að halda ró og vinnuþreki starfsmanna sinna á erfiðum tímum. Þá þyrfti að huga að því að menntunarstig héldist hátt bæði grunn- og endurmenntun því að ófaglærðir starfsmenn væru verst settir varðandi vinnuumhverfi sem og varðandi möguleika á vinnu.

Tryggja þarf að að þjónusta, starfsmannaheilsuvernd, almenn og sérhæfð heilbrigðisþjónusta sé til reiðu og að fólk hafi vissu um tilvist hennar og þurfi ekki í sífellu að bera kvíðboga fyrir skerðingum og samdrætti.

Lokaorð Levis voru: **Allt þetta vita menn en það þarf að tryggja að þekking sé notuð!**

Með þetta vegarnesti þakkar maður fyrir fróðleikinn og boð á þessa ráðstefnu sænska þingsins.

19.10.2009

Kristinn Tómasson,
Yfirlæknir Vinnueftirlitsins